

**Fundargerð 43. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 27. apríl 2018, kl. 9:00 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Ásbrú í Reykjanesbæ.**

Mætt eru: Kjartan Már Kjartansson, Magnús Stefánsson, Fannar Jónasson, Berglind Kristinsdóttir, Guðjón Þ. Kristjánsson, Ásgeir Eiríksson og Atli Sigurður Kristjánsson

Forföll boðuðu: Kristín Vala Matthíasdóttir og Sigrún Elefsen

Starfsmenn: Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri), Þuríður H. Aradóttir og Gunnar H. Garðarsson

### **1. Framkvæmdir við áningarstaði**

Framkvæmdir við Gunnhver og Brú milli heimsálfa hefjast í byrjun maí. Sótt hefur verið um framkvæmdaleyfi til Reykjanesbæjar vegna stígs upp Bæjarfell. Formaður og verkefnastjóri hafa fundað með Umhverfisstofnun vegna uppbyggingar þjónustu við Reykjanesvita.

### **2. Breytingar á samþykktum Reykjanes Geopark vegna sameiningar Svf. Garðs og Sandgerðisbæjar**

Lögð fram samantekt frá KPMG þar sem farið er yfir þær breytingar sem þarf að gera á samþykktum Reykjanes Geopark vegna sameiningar Sveitarfélagsins Garðs og Sandgerðisbæjar.

Breyta þarf 7. gr. samþykktu stofnunarinnar um skipan stjórnar. Þar segir m.a. að tveir stjórnarmenn og tveir til vara skuli tilnefndir sameiginlega af hálfu Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga.

Í 15. gr. samþykktanna er fjallað um breytingar á samþykktunum. Samkvæmt því þarf samþykki allra stjórnarmanna á tveimur fundum stjórnar, sem haldnir skulu með minnst einnar viku millibili, svo og samþykki 2/3 hluta fundarmanna á aðalfundi til að breytingin geti tekið gildi.

Stjórn felur verkefnastjóra að leggja til breytingar á samþykktum félagsins fyrir næsta fund stjórnar og á nýjan leik í haust með það að markmiði að leggja fyrir aðalfund í september.

### **3. Aðild Keilis að Reykjanes Geopark**

Lagt fram erindi frá framkvæmdastjóra Keilis þess efnis að Keilir sé reiðubúinn að starfa með og fyrir Reykjanes Geopark eftir því sem þurfa þykir og kann að koma upp. Í erindinu er óskað eftir því að árgjald Keilis falli niður. Frestað til næsta fundar.

### **4. Vörumerki Reykjanes Geopark**

Verkefnastjóri sagði frá umræðu um verðmæti og vernd vörumerkja á Suðurnesjum. Verkefnastjóra falið að leita tilboða í skráningu vörumerkis Reykjanes Geopark hjá Einkaleyfastofu.

### **5. Geopark-vika 2018**

Dagana 4.-9. júní 2018 fer fram Geopark-vika á Reykjanesi í sjötta sinn. Dagskráin verður með svipuðu sniði og áður og verður kynnt íbúum á svæðinu með fréttabréfi og gegnum samfélagsmiðla. Dagskrá vikunnar verður lögð fram á fundi stjórnar í maí.

## 6. Útivist á Reykjanesi

Verkefnastjóri sagði frá því að Reykjanes Geopark, Bláa Lónið og HS Orka munu halda áfram verkefninu Útivist í Reykjanes Geopark sumarið 2018. Boðið verður upp á sjö viðburði á fimmtudagskvöldum í júní, júlí og ágúst, m.a. gönguferðir, hjólaferðir og fjöruskoðun.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:50.

Fundargerð ritaði: ESJ